

Föstudaginn 21. febrúar 1947.

Nr. 116/1946. Ráttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Garðar Þorsteinsson)

gegn

Herði Wium Vilhjálmsyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa hefur ekki verið af hendi leyst með þeirri nákvæmni og vandvirkni sem nauðsynleg er um svo mikilvægt mál. Þykir því verða, þó langt sé um liðið, síðan slysið varð, að leggja fyrir héraðsdómara að heyja rækilega framhaldsrannsókn, áður en málið er dæmt í hæstarétti. Ber að veita hæstaréttarlögmönnum þeim, sem með málið fara, kost á því að vera við þá rannsókn. Sérstaklega ber að leita skýrslna um þau atriði, sem nú verða rakin:

Paulspyrja ber vitnið Nikulás Mú Nikulásson, sem eiðfestur hefur verið eftir lauslega skýrslu. Skýrslur lækna um krufningu drengs þess, sem fyrir slysinu varð, sýna, að allur hægri hluti líkama hans hefur orðið fyrir miklum áverkum. Virðast þessar skýrslur ekki verða vel samþýddar þeim framburði Nikulásar Mús, að einungis höfuð drengsins hafi lent á öxli eða hjólkoppi á hægri afturhjólí bifreiðarinnar. Vitnið segir, að bifreið ákærða hafi ekið eftir miðjum vegi, en drengurinn verið að beygja upp á steipta veginn, þegar slysið varð, og drengurinn hafi þá fallið á bifreiðina. Ber dómara að leiða vitninu fyrir sjónir, að þessi skýrsla þess sé ekki trúleg, og spyrja það ýtarlega um þetta atriði.

Spyrja ber ákærða um það, hvort hann hafi ekki verið í þann veginn að fara fram úr bifreiðum þeim, sem á undan honum voru, þegar slysið varð. Benda ber honum á, að líkur séu til þess, að hann hafi verið nær hægri vegarbrún, þegar áreksturinn varð, heldur en hann hafi viljað vera láta.

Þá skal gerð tilraun til að hafa upp á mönnum þeim, sem voru á palli bifreiðar þeirrar, er ók á undan ákærða. Leita ber og að öðrum þeim mönnum, sem kunna að hafa komið á slysstaðinn þegar eftir slysið. Spyrja skal vitni, ef finnast, m. a. um aksturshraða ákærða, hvar hann ók á veginum svo og um stöðu bifreiðar hans á veginum eftir slysið.

Svo ber héraðsdómara og að rannsaka önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin gefur efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

Mánudaginn 24. febrúar 1947.

Nr. 113/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Sæmundi Guðmundssyni

(Hrl. Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Líkamsáverkar.

Dómur hæstaréttar.

Með úrskurði hæstaréttar 25. nóvember f. á. var lagt fyrir héraðsdómara að afla skýrslu læknis um heilsu Árna Ragnars Magnússonar. Magnús héraðslæknir Pétursson og Helgi yfirlæknir Tómasson hafa nú rannsakað Árna Ragnar. Þeir telja hann engin varanleg mein hafa hlotið af áverkum þeim, er ákærði veitti honum. Minnisleysi það, er Árni Ragnar hefur kvartað undan, telja læknarnir eigi heldur verða til þeirra áverka rakið.

Atvikum máls þessa er að öðru leyti rétt lýst í héraðsdómi. Atferli ákærða, er hann á Skólavörðuholti réðst ölvaður á Árna Ragnar Magnússon, varðar við 217. gr. laga nr. 19/1940, 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Árás